

Ályktunartillögur stjórnar og hluthafa

fyrir aðalfund félagsins 22. mars 2018

Dagskrárlíður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2017 á vefsíðu VÍS; www.vis.is/fjarfestar. Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra VÍS Helga Bjarnasyni.

Dagskrárlíður 3

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,60 á hlut fyrir árið 2017. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 1.322 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 22. mars 2018 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 26. mars 2018 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 23. mars 2018 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 28. mars 2018 (arðgreiðsludagur).

Greinargerð:

VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70. Arðgreiðslustefna félagsins er að greiða allt að 100% af hagnaði hvers árs eftir skatta í arð. Arðgreiðslufjárhæð skal þó aldrei leiða til lægra gjaldþolshlutfalls eftir greiðslu arðs en áhættuvilji félagsins segir til um. Tillaga stjórnar um fjárhæð arðgreiðslu nemur rétt tæplega 100% af hagnaði ársins 2017. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar án arðgreiðslu er 1,59 en að teknu tilliti til arðgreiðslu og endurkaupa er hlutfallið 1,42 í árslok 2017.

Dagskrárlíður 4

Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun.

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 22. mars 2018, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.223.497.541 að nafnverði í kr. 2.202.642.307 að nafnverði, og að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 20.855.234 séu þannig ógiltir. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35 sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017 og samþykki fyrir-tækjaskrár. Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins skal stjórn félagsins heimilt að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við hlutafjárlækkunina.

Greinargerð:

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 15. mars 2017 var samþykkt að heimila stjórn, m.a. í formi formlegrar endurkaupaáætlunar, að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af hlutafé félagsins, þ.e. að hámarki kr. 222.349.754 hluti að nafnverði.

Þann 15. september 2017 ákvað stjórn VÍS að kaupa mætti eigin hluti fyrir allt að 600.000.000 kr. að markaðsvirði en það jafngildir um 2,47% af útgefnu hlutafé félagsins eða kr. 55.000.000 að nafnverði. Þann 18. febrúar 2018 ákvað stjórn að hætta endurkaupum. Þá höfðu 0,94% af útgefnu hlutafé félagsins verið keypt (kr. 20.855.234 að nafnverði). Kaupverð hinna keyptu hluta nemur samtals kr. 241.610.788 sem nemur um 37,92% af þeim eigin hlutum sem að hámarki yrðu keyptir samkvæmt áætluninni.

Endurkaupaáætlun félagsins var framkvæmd í samræmi við II. kafla viðauka reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik.

Dagskrárliður 5

Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Greinargerð:

Stjórn óskar eftir því að endurnýja heimild sína til endurkaupa á eigin hlutum. Vakin er athygli hluthafa á því að lagarammi váttryggingafélaga gerir nú ráð fyrir fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins til endurkaupa á eigin hlutum í því skyni að lækka hlutafé. Lækkun verður því ekki framkvæmd nema að fengnu samþykki hluthafafundar og Fjármálaeftirlitsins.

Dagskrárliður 6

Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.

Stjórn leggur einnig til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

Tillaga I: Verði tillaga samkvæmt dagskrárlið 4 um lækkun hlutafjár samþykkt, skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að uppfæra 3. gr. samþykktu félagsins til samræmis við samþykktu hlutafjárhlækkun, þannig að 3. gr. orðist svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.202.642.307 – tveir milljarðar tvö hundruð og tvö þúsund sex hundruð fjórutíu og tvö þúsund þrjú hundruð og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

Tillaga II: Lagt er til að breyting verði gerð á 2. mgr. 18. gr. samþykktu félagsins þess efnis að ekki verði lengur skylt að bera fundargerð hluthafafundar undir atkvæði fundarins, þannig að ákvæði 2. mgr. 18. gr. orðist svo:

„Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.“

Greinargerð:

Að fundargerðir hluthafafundar verði bornar undir atkvæði í lok hvers fundar er umfram lagaskyldu og erfiðleikum bundið í framkvæmd, einkum í ljósi umfangs fundargerða. Er því lagt til að hluti 2. mgr. 18. gr. samþykktu félagsins falli brott.

Dagskrárliður 7

Kosið í stjórn félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að kosnir verði fimm aðalmenn til stjórnar og tveir til vara fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar. Framboðsfrestur til setu í stjórn VÍS rennur út kl. 16:00 þann 17. mars nk.

Sendu skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið stjorn@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Dagskrárliður 8

Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi.

Breytingarnar sem lagðar eru til á starfskjarastefnu tengjast flestar nýrri reglugerð um váttryggingastarfsemi nr. 585/2017, nýju kaupaukakerfi og þeirri staðreynd að VÍS hefur öðlast jafnlaunavottun.

Greinargerð:

Ný starfskjarastefna með upplýsingum um nýtt kaupaukakerfi er í sérstöku skjali sem fylgir ályktunartillögum þessum.

Dagskrárliður 9

Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 410.000,- fyrir almennan stjórnarmann og tvöföld þóknun fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 410.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 115.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir setu í undirnefndum verði kr. 95.000 fyrir hvern fund og tvöföld þóknun fyrir formann.

Greinargerð:

Lagt er til að þóknun almenns stjórnarmanns verði breytt með hliðsjón af breytingu á launavísitölu á síðustu 12 mánuðum en að þóknun formanns verði tvöföld þóknun almenns stjórnarmanns. Þá er lagt til að varamenn í stjórn fái áfram árlega greidda fjárhæð sem nemur mánaðarlegri þóknun stjórnarmanna auk greiðslu fyrir hvern fund sem mætt er á. Lagt er til að þóknun fyrir setu í öllum undirnefndum stjórnar VÍS sé sú sama.

Dagskrárliður 10

Kosning endurskoðunarfélags.

Stjórn leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfélag VÍS til næstu fimm ára, sbr. 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Greinargerð:

KPMG ehf. hefur verið endurskoðunarfélag VÍS síðustu fimm ár og hefur lokið kjörtímabili sínu í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Endurskoðunarnefnd stjórnar VÍS kallaði eftir tilboðum í endurskoðun VÍS frá nokkrum endurskoðunarfélögum síðla árs 2017. Í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar leggur stjórn VÍS til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kosið endurskoðunarfélag VÍS næstu fimm árin sbr. 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Dagskrárliður 11

Önnur mál löglega fram borin.

a. Aðalfundur Váttryggingafélags Íslands hf. samþykkir að félagið skuli skipa tilnefningarnefnd. Aðalfundur felur stjórn Váttryggingafélags Íslands að setja á laggirnar og skipa tilnefningarnefnd í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja.

Greinargerð:

Stjórnarformanni og forstjóra VÍS barst þann 5. mars síðastliðinn bréf frá Eaton Vance Management með ályktunartillögu þeirra sem borin er upp fyrir hönd sjóða í þeirra stýringu sem eiga samanlagt um 4,6% hlut í VÍS en sem Eaton Vance Management fer með atkvæðisrétt fyrir. Sjá flöggunartilkygningar Eaton Vance Management hér:

<https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureid=777919&lang=is>

<https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureid=827316&lang=is>

b. Aðalfundur Váttryggingafélags Íslands hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og



Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.

Greinargerð:

Stjórn og forstjóra VÍS barst hinn 16. mars síðastliðinn bréf frá Gildi-lífeyrissjóði með breytingatillögu við tillögu Eaton Vance Management um að VÍS skuli skipa tilnefningarnefnd. Gildi-lífeyrissjóður tekur undir það sjónarmið að það það geti verið góður kostur að kanna nánar þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Gildi telur á hinn bóginn rétt að hluthafar taki endanlega afstöðu til fyrirkomulags og útfærslu tilnefningarnefndar hjá félaginu og kjósi með beinni kosningu fulltrúa í nefndina verði slík tillaga samþykkt. Verði breytingartillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.